

## ✉ Tilkynning um kæru, málsnúmer 242024

Búið til	29.2.2024 10:53:49
Höfundur	[REDACTED]
Móttekið dags.	29.2.2024 10:35:10
Tilheyrir	📁 USK24020298 - Kæra 24/2024 - Túngata 36A

### Efni

Tilkynning um kæru, málsnúmer 242024
--------------------------------------

### Upplýsingar

### Vinnsla

Móttekið dags.	29.2.2024 10:35:10	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.15.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð	kæurur		

### Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	[REDACTED] [REDACTED] [REDACTED] [REDACTED] [REDACTED]

### Innihald

<p>Góðan dag.</p> <p>Meðfylgjandi er afrit kæru ásamt fylgiskjölum vegna ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 30. janúar 2024 um að samþykkja leyfi fyrir áðurgerðum breytingum á húsi á lóð Túngötu 36A. Var kærán móttekin 28. febrúar 2024 og hefur hún fengið málsnúmerið 24/2024.</p> <p>Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsógn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.</p> <p>Óskað er eftir upplýsingum um leyfisumsækjanda sem allra fyrst, þ.e. nafn og netfang eða símanúmer.</p> <p>Óskast staðfest um móttöku.</p> <p>Með kveðju,</p>
---

**Unnpór Jónsson, lögfræðingur**

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 575 8710

[www.uua.is](http://www.uua.is)

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7Cd809c79d428a4538395e08dc39121e3c%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638448004670730353%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=V0%2BRIOUVZGRYjpY21%2FMwGpsXVglx4nz2NnyrUgFSG8Q%3D&reserved=0>) - Fyrirvari/Disclaimer

(<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fumvefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7Cd809c79d428a4538395e08dc39121e3c%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638448004670741092%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=jaU7pi9y4JO6elzNbjUD5W3pHg%2BaDPbpqxuOEIOsrI%3D&reserved=0>)



# KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

28.2.2024 15:16

## 1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kærðu þarf umboð frá meðkærendum ef kærðan er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Magnús Helgi Árnason
Kennitala	
Heimilisfang	Marargata 7
Póstnúmer	101
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

## 3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgangi stjórnsvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úrskurðaði 26.08.2022 (22/2022)

"Féll er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2022 um að samþykka leyfi fyrir áðurgerðum breytingum á Túngötu 36a er fólust í því að gluggi á norðurhlíð hússins var síkkaður og settar þar dyr auk gerðar svala eða palls með tröppum niður á lóðina."

Röksemd að baki þessum úrskurði var m.a.:

„Samkvæmt aðaluppdráttum sem samþykktir voru með hinni kærðu ákvörðun er gert ráð fyrir 3,5 m<sup>2</sup> palli framan við nýjar dyr á norðurhlíð hússins að Túngötu 36a og stiga þaðan niður á lóðina. Verður ekki lokað fyrir það skotið að umdeildar framkvæmdir geti haft grenndar-áhrif gagnvart fasteign kæranda, svo sem vegna aukinnar innsýnar og breyttrar umferðar um lóð leyfishafa. Á fyrrgreind undantekningarreglu 3. mgr. 44. gr. skipulags-laga því ekki við í máli þessu. Bar borgaryfirvöldum því að grenndarkynna hina um-deildu umsókn fyrir kæranda og öðrum er gætu átt hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Þar sem það var ekki gert verður þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.“

Á fundi byggingarfulltrúa Reykjavíkur 30.01.2024, (tölulíður 39) kemur fram:

"Túngata 36A-USK2303236. Sótt hafi verið um leyfi fyrir aðgerðum gerðum breytingum sem felast í að gluggi á norðurhlíð hefur verið síkkaður á 1. hæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 36A við Túngötu."

Þetta erindi er samþykkt.

Þessi ákvörðun byggingarfulltrúa er kærð. Að áliti kæranda hundsar byggingarfulltrúi Reykjavíkur úrskurð umhverfis- og auðlindamála nr. 22/2022. Engin grenndarkynning hefur farið fram en innsýn inn í íbúð óbreytt frá fyrri ákvörðun byggingarfulltrúa sem féll úr gildi. Þá fæst ekki séð af ákvörðun byggingarfulltrúa hvort Minjastofnun hafi fjallað um þessa breytingu en vegna aldurs hússins fellur parhúsið Túngata 36/36a undir áskilnað 30. gr. laga 80/2012 laga, (hús byggt fyrir árið 1940). Þá fæst ekki séð hvort sameigandi að parhúsinu (Túngata 36 og 36A) hafi samþykkt þessa byggingarleyfisskyldu framkvæmd. Loks fæst ekki séð hvers vegna vísað er til þess í afgangi byggingarfulltrúa frá 30.01. s.l. að fyrir liggja samþykki lóðarhafa Túngötu 23.

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Dagsetning ákvörðunar	30.01.2024
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	4. gr. laga 130/2011.

#### 4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Þess er krafist að ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 30.01.2024 um að samþykkja leyfi fyrir áður gerðum breytingum á Túngötu 36a er fólust í því að gluggi á noðurhið hússins var síkkaður verði felld úr gildi.

#### 5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Kærandi er eigandi íbúðar í húsinu Marargata 7, en garðar Túngötu 36A og Marargötu 7 liggja saman, að sunnanverði við húsið Marargata 7 en að norðanverðu við húsið Túngata 36A. Breytingin hefur grenndaráhrif gagnvart fasteign kæranda vegna aukinnar innsýnar.

#### 6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Við skoðun á fundargerð byggingarfulltrúa fyrstu viku febrúar mánaðar 2024.

#### 7. Rökstuðningur fyrir kæru

Vísað er til rökstuðnings úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 22/2022.

#### 8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

#### 9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 30.01.2024
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	Túngata 36a afgreiðslufundur byggingarfulltrúa Reykjavíkur 30.01.2024.PDF



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 24/2024, kæra Magnúsar Helga Árnasonar, Marargötu 7, Reykjavík, dags 28. febrúar 2024, þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 30. janúar 2024 á umsókn um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gluggi í norðurhlið hefur verið síkkaður á lóð nr. 36a við Túngötu.**

Með tölvupósti dags, 29. febrúar sl. framsendi úrskurðarnefndin kæru og óskaði eftir að nefndinni yrðu látnin í té gögn er málið varðaði. Var Reykjavíkurborg jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst til kærunnar.

### Málavextir

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúans í Reykjavík þann 30. janúar 2024 var tekin fyrir umsókn um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gluggi á norðurhlið hefur verið síkkaður á 1. hæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 36 a við Túngötu. Erindinu fylgdi samþykki lóðarhafa Túngötu 36, dags. 19. mars 2023

Byggingarfulltrúi samþykkti umsóknina með eftirfarandi bókun:

„*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.“*

Afgreiðsla byggingarfulltrúa var staðfest á fundi borgarráðs þann dags 8. febrúar 2024 með samþykkt á B-hluta fundargerðar umhverfis- og skipulagsráði frá dags 7. febrúar 2024.

### Kröfugerð

Reykjavíkurborg lítur svo á að þess sé krafist að framangreind samþykkt byggingarfulltrúa verði felld úr gildi.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfu kæranda verði hafnað.



## Málsástæður og lagarök kæranda

Málsástæður kæranda koma fram í kæru og vísast til hennar. Er einna helst á því byggt að í samþykkt byggingarfulltrúa sé hunsaður úrskurður Úrskurðarnefndarumhverfis- og auðlindamála nr. 22/2022.

## Afstaða Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg fellst ekki á að samþykki byggingarfulltrúa sé haldinn ógildingarannmörkum, enda var umsókn sú sem byggingarfulltrúi samþykkti talsvert breytt frá fyrri umsókn sem var fellt úr gildi. Umsækjandi lagði fram nýja byggingarleyfisumsókn, þar sem sótt var um samþykki á áðurgerðum breytingum, þ.e. að heimila að gluggi á norðurhlið hússins hafi verið síkkaður. Ekki var talið ástæða til að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknina þar sem um litlar breytingar er að ræða sem skerða ekki hagsmuni kæranda á neinn hátt, sbr. 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 44. gr. sömu laga, en þar segir: „grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn“. Umrædd breyting á húsnæðinu, síkkun glugga á norðurhlið húss, er lítilvægileg og hefur einungis áhrif á umsækjanda og hinn eiganda parhússins við Túngötu 36 og 36a. Samþykki eiganda Túngötu 36 fylgdi byggingarumsókninni. Ekki var því nauðsynlegt að grenndarkynna öðrum nágrönnum en þeim sem þegar hafði samþykkt.

Yfirverkfræðingur hjá byggingarfulltrúa fór á staðinn og yfirfór að allt væri í samræmi við nýju umsóknina og í kjölfarið var hún samþykkt á ný.

Reykjavíkurborg hafnar því að að grenndarkynningu þurfi vegna þess að innsýn inn í íbúð kæranda sé svo mikið breytt með síkkun á glugga enda snýr hinn nýi hluti gluggans að bakgarði og girðingu milli húseigna.

Reykjavíkurborg staðfestir að það sé rétt hjá kæranda að Túngata 36a var byggt árið 1937 og fellur því undir 30. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar en þó aðeins ef um verulegar breytingar eru á húsnæðinu, flutningur á þeim eða niðurrif sbr. athugasemdir með fyrrnefndum lögum. Þar sem ekki var um verulegar breytingar á húsnæðinu, heldur einungis síkkun á einum glugga, þurfti ekki að leita álits Minjastofnunar. Líkt og fram kemur hér að neðan þá hefur sameigandinn að parhúsinu við Túngötu samþykkt þessa byggingarleyfisskyldu framkvæmd.

Varðandi vísun kæranda í fundargerð byggingarfulltrúa frá 30. janúar þar sem vísað er í ranglega í samþykki lóðarhafa Túngötu 23, var þetta ritvilla og fundargerðin verið leiðrétt og er aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Rétt er að fyrir liggur samþykki lóðarhafa Túngötu 36.

## Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu byggingarleyfis sem samþykkt var af byggingarfulltrúa þann 30. janúar fyrir Túngötu 36a og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum



Reykjavíkurborg

kærenda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

---

Halla Björg Evans, lögmaður  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða*



Árið 2024, fimmtudaginn 6. júní, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

**Fyrir var tekið mál nr. 24/2024, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 30. janúar 2024 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir áður gerðri breytingu á íbúðarhúsi á lóð nr. 36a við Túngötu í Reykjavík.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

### úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 28. febrúar 2024, kærir Magnús Helgi Árnason, Marargötu 7, Reykjavík, þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 30. janúar 2024 að samþykkja umsókn um leyfi fyrir áður gerðri breytingu á íbúðarhúsi á lóð nr. 36a við Túngötu. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 27. mars 2024.

**Málavextir:** Á Túngötu 36 og 36a er parhús. Hinn 26. ágúst 2022 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli nr. 22/2022 þar sem felld var úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars s.á. um að samþykkja leyfi fyrir áður gerðum breytingum á húsinu að Túngötu 36a. Fólust þær breytingar í því að í stað glugga á norðurhlið hússins voru settar dyr sem stækkaði opið auk þess sem gerðar voru svalir eða pallur með tröppum niður á lóðina. Í niðurstöðu nefndarinnar kom fram að ekki væri loku fyrir það skotið að umdeildar framkvæmdir gætu haft grenndaráhrif gagnvart fasteign kæranda, s.s. vegna aukinnar innsýnar og breyttrar umferðar um lóð leyfishafa. Ætti undantekningarregla 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 því ekki við og hefði borgaryfirvöldum borið að grenndarkynna hina umdeildu umsókn fyrir kæranda og öðrum er gætu átt hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun.

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúans í Reykjavík 30. janúar 2024 var samþykkt umsókn um leyfi fyrir áður gerðri breytingu á húsinu að Túngötu 36a. Fólst hún í það sinn aðeins í síkkun glugga á norðurhlið hússins. Var umsóknin talin samræmast ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010. Jafnframt var tekið fram að um væri að ræða samþykkt á framkvæmd sem gerð hefði verið án byggingarleyfis. Fékk framkvæmdaraðili sent bréf, dags. 5. febrúar 2024, þar sem fram kom að umsókn hans um byggingarleyfi hefði verið samþykkt.

**Málsrök kæranda:** Kærandi telur að með hinni kærðu ákvörðun sé hunsaður úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 22/2022. Við undirbúning ákvörðunarinnar hafi ekki farið fram grenndarkynning en innsýn í íbúð sé óbreytt frá fyrra máli. Þá fáist ekki séð að Minjastofnun Íslands hafi fjallað um breytinguna, en hús á lóðum Túngötu 36 og 36a hafi verið reist fyrir árið 1940 og falli því undir áskilnað 30. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Jafnframt verði hvorki séð hvort sameigandi parhússins hafi samþykkt



umrædda framkvæmd né hvers vegna vísað hafi verið til þess við afgreiðslu málsins að fyrir lægi samþykki lóðarhafa Túngötu 23. Sé um rökstuðning fyrir kærnu vísað til rökstuðnings úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 22/2022.

**Málsrök Reykjavíkurborgar:** Af hálfu borgarinnar er þess krafist að kröfum kæranda verði hafnað. Engir þeir form- eða efnisannmarkar liggja fyrir sem leiða eigi til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar. Sérstaklega hafi verið horft til þess að fyrirbyggjandi umsókn væri talsvert frábrugðin fyrri umsókn frá árinu 2022. Í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 22/2022 hafi umsækjandi lagt fram nýja umsókn um byggingarleyfi, dags. 18. október 2023, þar sem einungis hafi verið sótt um leyfi fyrir áðurgerðum breytingum er fólust í síkkun glugga á norðurhlið hússins. Litið hafi verið til þess að á húsinu hafi verið minni gluggi frá byggingu þess og staðfestu upphaflegar teikningar það. Eftir vettvangsskoðun byggingarfulltrúa og mat á umfangi og grenndaráhrifum breytingarinnar gagnvart fasteign kæranda hafi umsóknin verið samþykkt. Byggingarfulltrúi hafi talið breytinguna í engu skerða hagsmuni nággranna hvað varði landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og því hafi ekki verið tilefni til að grenndarkynna umsóknina, sbr. lokamálslið 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsókninni hafi fylgt samþykki sameiganda að Túngötu 36 og þar með hafi skilyrði um samþykki meðeiganda samkvæmt ákvæðum laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús verið uppfyllt, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, en tilvísun til samþykkis lóðarhafa Túngötu 23 í fundargerð byggingarfulltrúa frá 30. janúar 2024 hafi verið ritvilla sem búið sé að lagfæra.

Breytingin muni ekki hafa aukin grenndaráhrif í för með sér gagnvart fasteign kæranda, hvorki hvað varði innsýn né önnur grenndaráhrif. Snúi umræddur gluggi að bakgarði og girðingu milli Túngötu 36a og fasteignar kæranda. Framkvæmdir á Túngötu 36a hafi verið gerðar á árinu 2021 en þá hafi verið við það miðað í 30. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar að leita skyldi umsagnar Minjastofnunar Íslands væru hús byggð árið 1925 eða fyrir þann tíma. Það hafi ekki verið fyrr en með breytingarlögum nr. 126/2022 sem tekið hafi gildi 1. janúar 2023 sem miðað hafi verið við að leita skyldi umsagnar vegna húsa sem byggð væru fyrir árið 1940. Þar sem samþykki byggingarfulltrúa hafi tekið til áðurgerðra breytinga hafi hann ekki talið sig skyldan til að fylgja því eftir hvort umsækjandi hefði leitað álits Minjastofnunar Íslands. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi því sem orðið hafi að lögum nr. 80/2012 skyldu eigendur leita álits stofnunarinnar áður en ráðist væri í verulegar breytingar, flutning eða niðurrif. Um hafi verið að ræða minniháttar breytingu á einum glugga sem falli þar af leiðandi ekki undir 30. gr. laganna.

**Athugasemdir framkvæmdaraðila:** Af hálfu framkvæmdaraðila, fyrri eiganda Túngötu 36a, er tekið fram að eftir úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 22/2022 hafi eigendur hætt við þau áform sín að byggja stigapall og tröppur niður á plan norðan megin við húsið en eftir hafi staðið síkkun glugga í stofu. Slík framkvæmd sé ekki byggingarleyfis skyld en skuli tilkynnt byggingarfulltrúa. Þar sem síkkunin hafi verið framkvæmd áður en byggingarfulltrúa hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða síkkun hafi embættið ákveðið að sækja skyldi um byggingarleyfi. Ekki hafi verið gefið út byggingarleyfi enda framkvæmdin eingöngu tilkynningaskyld.

Marargata 7 standi töluvert hærra en Túngata 36a og hafi því innsýn frá Marargötunni verið mikil áður en glugginn hafi verið síkkaður. Snúi sex stórir stofugluggar að Túngötu 36a þar sem á móti hafi verið fimm misstórir gluggar. Standist húsin ekki alveg á og að auki séu 30 m frá glugganum á Túngötu 36a að húsi kæranda og nokkur gróður á milli húsanna. Vegna

fjarlægðar og afstöðu verði ekki séð hvernig innsýn kæranda inn um einn síkkaðan glugga í stofu Túngötu 36a geti haft nokkur slík grenndaráhrif að tilefni sé til kærunnar.

**Viðbótarathugasemdir kæranda:** Kærandi bendir á að meðal þeirra gagna sem fylgt hafi umsögn Reykjavíkurborgar sé teikning arkitekts sem dagsett sé 18. október 2023. Geri kærandi ráð fyrir að umrædd teikning sé flokkuð sem byggingarleyfisumsókn sem tekin hafi verið afstaða til á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 30. janúar 2024. Ný umsókn um byggingarleyfi hafi því borist frá tilgreindum arkitekt rúmi ári eftir að úrskurðarnefndin hafi kveðið upp úrskurð sinn í máli nr. 22/2022. Þegar umsóknin hafi verið lögð inn hjá Reykjavíkurborg hafi lög nr. 126/2022 sem breytt hafi lögum nr. 80/2012 um menningarminjar tekið gildi. Sú lagaskylda að leita skuli umsagnar Minjastofnunar Íslands hafi ekki verið uppfyllt. Það sé útilokað að það sé hlutverk Reykjavíkurborgar að leggja mat á það hvaða breytingar á húsum sem falli undir 30. gr. laganna teljist minniháttar eða meiriháttar, verulegar eða óverulegar. Slíkt mat sé í höndum Minjastofnunar, ef það eigi yfirleitt að fara fram. Hafi starfsmaður Reykjavíkurborgar óskað eftir afstöðu stofnunarinnar til umsóknarinnar og í svari 21. mars 2024 hafi m.a. komið fram að stofnunin teldi umræddar breytingar umsagnarskyldar skv. 30. gr. laga nr. 80/2012. Reykjavíkurborg hafi hunsað þessa niðurstöðu og upplýst nefndina um að byggingarfulltrúi teldi að ekki væri þörf á því að leita álits Minjastofnunar.

Fyrir óleyfisframkvæmd fyrri eigenda Túngötu 36a hafi gluggi á norðurvegg hússins við Túngötu 36a verið þannig staðsettur að eigendur íbúða gegn nefndri íbúð hafi ekki séð inn í hana. Hafi framkvæmdirnar falist í því að téður gluggi hafi í það minnsta verið tvöfaldaður að stærð. Eftir breytinguna hafi innsýn aukist verulega inn í íbúðina frá íbúðum við Marargötu 7.

Eigendaskipti hafa orðið að Túngötu 36a og hafa nýir eigendur tekið undir málalíbúnað borgaryfirvalda.

**Vettvangsskoðun:** Úrskurðarnefndin kynnti sér aðstæður á vettvangi 6. júní 2024.

**Niðurstaða:** Í máli þessu er deilt um lögmati þeirrar ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 30. janúar 2024 að samþykkja umsókn um leyfi fyrir áður gerðri breytingu sem fólst í því að gluggi á 1. hæð norðurhliðar íbúðarhúss á lóð nr. 36a við Túngötu var síkkaður.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála geta þeir einir kært stjórnvaldsákvörðun til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda ákvörðun sem kæra á. Að stjórnvöldum hefur skilyrðið um lögvarða hagsmuni fyrir kærufild verið túlkað svo að þeir einir teljist aðilar kærumáls sem eigi einstaklega hagsmuna að gæta af úrlausn máls umfram aðra og jafnframt að þeir hagsmunir séu verulegir.

Með hinu umdeilda leyfi var fallist á stækkun glugga á norðurhlið hússins að Túngötu 36a. Á þremur hæðum hússins á þeirri hlið hafa frá byggingu þess árið 1937 verið níu gluggar. Sá gluggi sem um er deilt í málinu nær nú niður á gólf. Glugginn er í stofu hússins og við hlið hans er stærri stofugluggi og er sambærilegur gluggi í hinum hluta parhússins, þ.e. í þeim hluta sem er á lóð nr. 36 við Túngötu. Hvorki verður séð að innsýn yfir á lóð kæranda aukist að neinu marki né að aukin innsýn hans vegna síkkunar gluggans snerti lögvarða hagsmuni hans með þeim hætti að játa verði honum kærufild vegna hinnar umdeildu ákvörðunar. Þá teljast sjónarmið um verndun mannvirkja samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar til almanna-hagsmuna en slík sjónarmið teljast að jafnaði ekki til einstaklingsbundinna hagsmuna. Verður kærumáli þessu af framangreindum sökum vísað frá úrskurðarnefndinni.

**Úrskurðarorð:**

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

---

Ómar Stefánsson (sign)

---

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)

---

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)